

Þriðjudaginn 4. október 1955.

Nr. 153/1954. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

**Oscar Steyaert** (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara: Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á staðarákvörðun varðskipsins Óðins og m. a. markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út utanvert við togara ákærða kl. 3.45 hinn 1. ágúst 1954. Reyndist staður dufls þessa 1.7—1.8 sjómíliur innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur um ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi, og varðar það brot hans við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924. Þar sem gullgildi íslenzkrar krónu hefur ekki breyttzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Oscar Steyaert, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Krist-

jáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. ágúst 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldinu höfðað gegn Oscar Steyaert, skipstjóra á belgiska togaranum Marie Elise 0250, til heimilis í Ostende í Belgíu, samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á fiskveiðalöggjöfnum samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum með togara sínum, Marie Elise, að morgni dags þann 1. þ. m. suðaustur af Mýrnatanga, um 1.8 sjómílu innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnins.

Af hálfu ákærvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Oscar Steyert, er fæddur 10. apríl 1910 í Jabbeke í Belgíu, og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er hér skal greina.

Varðskipið Óðinn var stutt út af Alviðruhömrum á austurleið um kl. 0245 hinn 1. ágúst 1954. Sást þá til togara framundan, sem sigldi norðlæga stefnu á hægri ferð, en sneri síðan í austlæga stefnu. Var farið á varðskipinu með fullri ferð að togaranum, sem þá sneri fyrst í suðlæga stefnu og stöðvaði kl. 0324. Klukkan 0335—0340 var komið að togaranum Marie Elise 0250, er ákærði er skipstjóri á, og var hann þá að innbyrða stjórnborðsvörpuna. Fóru annar stýrimaður og einn háseti um borð, er varðskipið hafði lagt upp að togaranum. Kl. 0345 var sett út dufl utan til við togarann á 67 m dýpi. Var þá stytzt fjarlægð í land samkvæmt ratsjá 2.4 sjómílu.

Var nú skipstjóri togarans sóttur um borð í togarann og fluttur um borð í varðskipið. Var honum þá tilkynnt, að hann hefði verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Síðan var siglt að duflinu, og kl. 0420 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun ca 100 metr-um sunnan við duflið:

Alviðruhamarsviti	>	27° 48'
Kúðaós, sjómerki	>	87° 07'
Meðallandssandur, sjóm.		
Hjörleifshöfði	>	41° 02'
og Kúðaós, sjómerki		

Dýpi var 68 m. Gefur þetta stað duflsins 1.8 sjómilur innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærða var boðið að gera staðarákvarðanir, en hann óskaði þess ekki og kvaðst ekki rengja mælingar varðskipsmanna.

Framanskráð málsatvik eru samkvæmt skýrslu skipstjórans á varðskipinu Óðni, sem er meðundirrituð af I. og II. stýrimanni. Þegar rannsókn málsins fór fram, var skipstjóri varðskipisins veikur og gat ekki mætt í dómnum. Hins vegar hafa I. og II. stýrimaður varðskipisins staðfest skýrslurnar fyrir dómi. Mælingar við duflið voru gerðar af I. stýrimanni og skipstjóra.

Ákærði hefur hér fyrir dómi játað skýrslu varðskipsmanna rétta og játað, að hann hefði fiskað með botnvörpu á skipi sínu, þar sem varðskipið kom að honum innan fiskveiðitakmarkanna að morgni dags 1. þ. m. Hins vegar tók ákærði fram, að hann hefði ekki verið viljandi innan fiskveiðitakmarkanna, en kenndi það því, að dýptarmælir hans hefði verið bilaður og því ekki sýnt rétt dýpi.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi af stýrimönnum skipsins, verður að telja það sannað, að ákærði hafi árla að morgni dags 1. ágúst 1954 verið að veiðum með botnvörpu á skipi sínu, Marie Elise 0250, um 1.8 sjómilur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur ákærði því með þessu framferði sínu brotið gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælibréfi skipsins, sem sýnt var í dómnum, var brúttó rúmlestastærð þess 149.35, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dags. í dag, var gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlacrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Marie Elise 0250, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni skipstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra.

#### Dómsorð:

Ákærði, Oscar Steyert, greiði 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í skipinu Marie Elise 0250, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1955.

Nr. 165/1954. **Helgi Benediktsson**

gegn

**G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens.**

Útivist. Ómaksbætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 700.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. október 1955.

Nr. 151/1953. **Högni Gunnarsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Sigrúnu Edwald** (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um búskipti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1953. Krefst hann þess, að hinum áfrýj-